

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 23. október kl. 13:30 var haldinn 343. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks, var fjarverandi.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 341 og SF 342 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og greindi frá stöðu fjármögnunar. Umræður.

Stjórn staðfestir umboð til Elínar Smáradóttur, yfirlögfræðings OR til að undirrita og ganga frá gögnum vegna réttarsáttar í máli, Litla og Stóra Saurbæjar.

Rekstraráhættuskýrsla samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. október 2023 lögð fram.

*Hlé gert á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur,
vegna fundar Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf.*

3. Klukkan 14:15 mættu Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar og Birna Bragadóttir, stjórnarkona Kvenna í orkumálum til fundarins og kynntu ný útkomna skýrslu um stöðu kvenna í orkugeiranum og jafnréttisáherslur samstæðu OR. Umræður.
4. Lagt fram til kynningar stofnsamþykktar-form fyrir Orkuveitu Reykjavíkur frá Reykjavíkurborg og minnisblað Elínar Smáradóttur, dags. 23. október 2023 um tillögu að stofnsamþykktum Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirliggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.

5. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 19. október 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. október 2023.
6. Klukkan 15:20 mætti Íris Lind Sæmundsdóttir, lögræðingur til fundarins og greindi frá öryggisbresti á „Mínum síðum“ Veitna og ON. Umræður.
7. Klukkan 15:35 mættu Sigrún Tómasdóttir og Sverrir Guðmundsson og kynntu stefnuverkefni um forða til framtíðar í vatnsveitum í Reykholtssdal og á Hvanneyri. Umræður.
8. Lagðar fram til rýni arðsemissstefna og arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur. Afgreiðslu frestað.

9. Klukkan 16:00 mættu fulltrúar KPMG, þau Steinþór Pálsson, Helena Óladóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir, til fundarins og gerðu ásamt forstjóra grein fyrir stöðunni í stefnumótun og leiddu umræður og vinnu stjórnar við endurskoðun á heildarstefnu. Fulltrúar KPMG yfirgáfu fundinn kl 17:15.

10. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 11.10.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ehf. dags. 20.09.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 19.10.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 25.09.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 18.10.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 22.09.2023

11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 23. október 2023. Umræður.

12. Önnur mál.

- Lagt fram erindi GeoSilica, dags. 18. október 2023 um samning um aðstöðu og aðgengi að skiljuvatni við Helligheiðarvirkjun og svar Orku náttúrunnar, dags. 18. október 2023 um sama mál. Umræður.
- Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 19. október 2023, um fýsileikakönnun á stuðningi við uppsetningu sólarcella á heimilum í Reykjavík.

Borgarstjórn samþykkir að beina því til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að skoða fýsileika þess að styðja við uppsetningu sólarcella á heimilum í Reykjavík.

Samþykkt að málið verði skoðað ásamt möguleikum á sambyggðum vindmyllum.

- Rætt um tímasetningu stjórnarfunda.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:00

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. nóvember 2023.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.